

Aðalfundur 4. maí kl: 20:00.

Mættir eru 13 manns (ásamat stjórn)

1. Linda setur fundinn. Ester valinn fundarstjóri.
2. Linda kynnir stjórn, og les skýrslu félagsins. Fer yfir skýrsluna með slideshow.  
Kynnir eftir farandi:
  - Heimasíðan
  - Bekkjarfulltrúarstarf, bekkjarmappa, fundir o.fl.
  - Jólaföndur
  - FFM útgjöld, gróf yfirferð yfir styrki og fleira frá FFM. Sjá nánar í ársreikningum.
  - Skóladagatal á pólsku og ensku sem FFM kom á laggirnar í samstarfi við FFGIR. Næsta vetur verða dagatölin afhent fyrir allt skólaárið
  - Ýmis mál eins og: foreldrahandbókin, forvarnadagurinn, skólaráð, skólamatur, listavika og lög FFM.
  - FFGIR kynnt og hlutverk þess. Verkefnastjóri Ingigerður Sæmundsdóttir kynnt.
  - Framundan hjá FFM þ.e. styrkja bekkjarfulltrúastarfið og fyrirlestur fyrir nemendur.
  - FFM og skólastjórnendur. Nefnt hve gott samstarfið hefur verið á milli stjórnar og skólastjórnendur.
3. Gjaldkeri fer yfir reikninga félagsins. Engar athugasemdir og fólk ánægt með það sem félagið hefur gert.
4. Kosningar: Linda stingur upp á að foreldrar hafi samband ef þeir hafa áhuga á að koma í stjórn. Júlíus gengur úr stjórn og bjóðum við velcomin Guðrúnu Benediktsdóttur (börn í 5. og 8. bekk), og Jóhönnu Árnadóttur (barn í 3. bekk).
5. Önnur mál:
  - Ingigerður hvetur fólk til að tilnefna í foreldraverðlaun hjá Heimili og skóla. Komið er ábending um einn aðila í bæjarfélaginu og mældist það vel fyrir.
  - Linda segir frá þakkarkortinu. Tveir starfsmenn skólans (í sinn hvoru lagi), komu með ábendingu til félagsins, um að ákveðinn gangavörður sé mjög ötul við að koma óskila fatnaði í réttar hendur. Sú vinna er ómetanleg þar sem miklir fjármunir liggja í fatnaði barna okkar. Stjórn ákvað, fyrir hönd foreldra, að þakka Láru Maggý Magnúsdóttur, með því að afhenda henni blómvönd og kort á starfsmannafundi.
  - Skólastjórnarskipti. Nú er ljóst að nýr skólastjóri kemur til starfa á komandi vetri. Stjórn þakkar Brynju Árnadóttur fyrir gott samstarf.
  - Eftir 6 ára starf í stjórn, hættir gjaldkerinn, Júlíus Friðriksson. Hann tekur sæti í skólaráði. Honum er færður blómvöndur fyrir gott og óeigingjarnt starf í FFM.

Fundarmönnum þakkað fyrir komuna.

Fundi slitið kl: 21:00  
Linda Birgisdóttir.